ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR **2026/EES/9/05**
nr. 230/2025

frá 24. október 2025

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3160 frá 9. október 2024 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/688 að því er varðar tilteknar dýraheilbrigðiskröfur vegna tilflutninga á landdýrum innan Sambandsins ([1]).

2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/65 frá 31. október 2024 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/2123 að því er varðar við hvaða skilyrði sérstakt samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal er lagt fram fyrir sendingar sem fara frá landamæraeftirlitsstöð til eftirlitsstaðar þar sem sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi eiga að fara fram ([2]).

3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/179 frá 31. janúar 2025 um söfnun og sendingu sameindagreiningargagna innan ramma faraldsfræðilegra rannsókna á matarbornum uppkomum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB ([3]).

4) Ákvörðun þessi varðar m.a. löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Löggjöf á þessu sviði gildir ekki gagnvart Íslandi eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.

5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.

6) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæði I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 11bv (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123) í hluta 1.1 í I. kafla og lið 31qv (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123) í II. kafla:

„– **32025 R 0065**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/65 frá 31. október 2024 (Stjtíð. ESB L, 2025/65, 14.1.2025).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13s (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/688) í hluta 1.1 í I. kafla:

([1]) Stjtíð. ESB L, 2024/3160, 20.12.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/3160/oj
([2]) Stjtíð. ESB L, 2025/65, 14.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/65/oj
([3]) Stjtíð. ESB L, 2025/179, 3.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/179/oj

„– **32024 R 3160**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3160 frá 9. október 2024 (Stjtíð. ESB L, 2024/3160, 20.12.2024).“

3. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 8a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB) í hluta 7.1 í I. kafla:

„8aa. **32025 R 0179**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/179 frá 31. janúar 2025 um söfnun og sendingu sameindagreiningargagna innan ramma faraldsfræðilegra rannsókna á matarbornum uppkomum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB (Stjtíð. ESB L, 2025/179, 3.2.2025).“

2. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 164v (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32025 R 0065**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/65 frá 31. október 2024 (Stjtíð. ESB L, 2025/65, 14.1.2025).“

3. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2025/65 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2025/179 á íslensku og norsku og texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/3160 á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* er gildur á þessum tungumálum.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. október 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel, 24. október 2025

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

Formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.